

Nefndarálit

um till. til þál. um staðfestingu samnings milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið.

Með tillöggunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta samning milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2008. Samningurinn kveður á um allar heimildir aðila til veiða á uppsjávarfiski í lögsögu hvors annars á árinu 2008, gagnkvæma heimild skipa hvors aðila til veiða á kolmunna og norsk-íslenskri síld innan lögsögu hins á árinu 2008 auk þess sem hann kveður á um að hvor aðili skuli veita tveimur skipum sem skráð eru í landi hins aðilans leyfi til tilraunaveiða á túnfiski innan lögsögu sinnar á árinu 2008.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Alþingi, 29. maí 2008.

Bjarni Benediktsson,
form., frsm.

Árni Páll Árnason.

Ragnheiður E. Árnadóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Siv Friðleifsdóttir.

Lúðvík Bergvinsson.

Kristinn H. Gunnarsson.

Ögmundur Jónasson.

Björk Guðjónsdóttir.